

# Fundargerð 926. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 17. maí kl. 17:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kjarasamningur við Eflingu - 2301032SA**

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs, Helgi Aðalsteinsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir sérfræðingar á kjarasviði gerðu grein fyrir drögum að kjarasamningi við Eflingu.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samhljóða þær tillögur sem starfsfólk kjarasviðs gerði grein fyrir á fundinum.*

Fundi var slitið kl. 17:30

[Til baka](#)[Prenta](#)

## stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 927

### **Haldinn í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík, 26.05.2023 og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:** Heiða Björg Hilmisdóttir formaður,  
Einar Brandsson aðalmaður,  
Freyr Antonsson aðalmaður,  
Guðmundur Ari Sigurjónsson aðalmaður,  
Hildur Björnsdóttir aðalmaður,  
Helgi Kjartansson varamaður,  
Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður,  
Rósa Guðbjartsdóttir aðalmaður,  
Walter Fannar Kristjánsson aðalmaður,  
Sunna Hlín Jóhannesdóttir aðalmaður,  
Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann  
Snævarr sviðsstjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

**Fundargerð ritaði:** Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri

Hildur Björnsdóttir og Sunna Hlín Jóhannesdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað. Einar Þorsteinsson boðaði forföll, varamaður hans hafði ekki tök á að mæta.

#### **Dagskrá:**

##### Dagskrá

##### **1. 2301032SA - Staða kjaramála**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 24. maí 2023, um stöðu kjaramála í maí 2023.

##### **2. 2301032SA - Kjarasamningar 2023-2024**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra félagsvísindamanna, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjubjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga og Þroskaþjálfafélags Íslands, dags. 15. maí 2023 og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Eflingar stéttarfélag, dags. 16. og 17. maí 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamninga við Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarð, Iðjubjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga, Þroskaþjálfafélag Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Eflingar stéttarfélag.*

[Kálfur SNS og FÍF 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og FÍ 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og FRG 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og IþÍ 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og SÍ 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og SBU 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og SL 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og ÞÍ 15052023.pdf](#)

[Kálfur SNS og KVH 16052023.pdf](#)

[Kjarasamningur SNS og Fihj\\_2023-2024\\_LOK.pdf](#)

[Kálfur\\_Efling\\_17.maí\\_2023\\_endanlegt.pdf](#)

### 3. 2009664SA - Stafrænt ráð sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 19. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 26. apríl 2023.

Fjóla María Ágústsdóttir, Hrund Valgeirsdóttir og Björgvin Sigurðsson starfsmen stafræns umbreytingasteymis sambandsins komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir starfi teymisins.

[stafrænt ráð sveitarfélaga - 19.pdf](#)

[Stafrænt umbreytingateymi kynning á stjórnarfundum maí2023.pdf](#)

### 4. 2301046SA - Fjallskil

Floki H. Sigurðsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins gerir grein fyrir stöðu málsins.

*Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga telur grunnvandamálið sem sveitarfélög, búfjáreigendur og aðrir landeigendur standa frammi fyrir sé að lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu komin til ára sinna og uppfylli engan veginn þær kröfur til lagasetningar sem gerðar eru í nútímasamfélagi. Það þarf því ekki eingöngu að ljúka við gerð umræddra verklagsreglna heldur þarf að vera frumkvæði til þess að ganga til heildarendurskoðunar á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Slíkt þarf að vera samvinnuverkefni þeirra ráðuneyta og hagsmunaaðila sem að málaflokknum koma.*

[Minnisblað um verklagsreglur um ágang búfjár\\_FHS.pdf](#)

[Umsógn Bændasamtakanna.pdf](#)

[Umsógn Snæfellsbæjar.pdf](#)

### 5. 2302009SA - Matvælastefna

Bryndís Eva Birgisdóttir, prófessor og Ólafur Ögmundsson, lektor við Matvæla- næringardeild Háskóla Íslands mættu á fundinn undir þessum lið og kynntu aðgerðir til að hvetja til heilsusamlegs og sjálfbærs mataræðis í samræmi við nýja matvælastefnu.

[NEW Loftslag\\_SÍS.pdf](#)

### 6. 2301014SA - Fundargerðir 925. og 926. fundar

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 925. og 926. fundar stjórnar sambandsins frá 28. apríl og 17. maí 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

[stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 925.pdf](#)

[stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 926.pdf](#)

### 7. 2210009SA - Fræðslumálanefnd sambandsins

Lögð fram fundargerð 144. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 9. febrúar 2023.

[fræðslumálanefnd sambandsins - 144.pdf](#)

### 8. 2210013SA - Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Lögð fram fundargerð 85. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 24. apríl 2023.

[Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 85.pdf](#)

### 9. 2304027SA - Fundir með framkvæmdastjórum sveitarfélaga

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins greindi frá fundum með framkvæmdastjórum sveitarfélaga.

### 10. 2303031SA - Rekstur og þróun á vefnum Næsta skref

Lagt fram bréf sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 17. maí 2023, um beiðni um styrk til reksturs og þróun á vefnum Næsta skref, ásamt fylgiskjölum.

[Beiðni um styrk til reksturs og þróun á vefnum Næstu skref 3.0.pdf](#)

[NS-Kynningarskjal2023.pdf](#)

[Kostnadaratlan\\_2023-2027 Næsta skref copy.pdf](#)

### 11. 2302023SA - Starfshópur um fasteignaskatta

Sigurður Ármann Svævarr sviðsstjóri fer yfir vinnu hópsins sem er á lokastigi. Í hópnum eru fulltrúar Félags atvinnurekenda, Húseigendafélags, Landsambands eldri borgara, HMS og sambandsins.

[Glærur um fasteignamat.pdf](#)

## Mál til kynningar

### **12. 2304020SA - Tilnefning í starfshóp um endurskoðun húsnæðisstuðnings við leigjendur**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 8. maí 2023, þar sem Ása A. Kristjánsdóttir, bæjarlögamaður Kópavogsbæjar, er tilnefnd í starfshóp um endurskoðun húsnæðisstuðnings við leigjendur.

[Óskað tilnefningar í starfshóp um endurskoðun húsnæðisstuðnings við leigjendur.pdf](#)

[Tilnefning í starfshóp um endurskoðun húsnæðisstuðnings við leigjendur.pdf](#)

### **13. 2305011SA - Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. maí 2023, um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, 956. mál.

[Frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu.pdf](#)

[Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, 956. mál.pdf](#)

### **14. 2305015SA - Umsögn um uppgjör ÍL sjóðs**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 12. maí 2023, um áform um slit og uppgjör ÍL-sjóðs, mál nr. S-78/2023.

[Áform um lagasetningu slit ÍLS-sjóðs.pdf](#)

[Mat á áhrifum áforma um slit og uppgjör ÍL-sjóðs.pdf](#)

[Umsögn um áform um slit og uppgjör ÍL sjóðs.pdf](#)

### **15. 2303008SA - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um Fjarskiptastofu - fjarskiptanet, skráning, eftirlit o.fl.**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. maí 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um Fjarskiptastofu (fjarskiptanet, skráning, eftirlit o.fl.), 947. mál.

[Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um íslensk landshöfuðlén og lögum um Fjarskiptastofu.pdf](#)

[Umsögn um frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum nr. 70/2022., 947. mál.pdf](#)

### **16. 2305018SA - Umsögn um vindorkuskýrslu**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 16. maí 2023, um valkosti og greiningu á vindorku - Skýrsla starfshóps, mál nr. S-84/2023.

[Vindorka\\_skyrsla\\_apr23.pdf](#)

[Raforkuframleiðsla úr vindorku - BBA Fjeldco - 23. november 2022 - Final \(003\).pdf](#)

[Skrýslan skattar a orkufyrirtaeki \(1\).pdf](#)

[Samantekt.pdf](#)

[Skipunarbréf-vindorka á landi.pdf](#)

[Umsögn um vindorkuskýrslu.pdf](#)

### **17. 2305020SA - Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum - hagkvæmar íbúðir**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. maí 2023, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir), 1052. mál.

[Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123-2010 - hagkvæmar íbúðir.pdf](#)

[Umsögn vegna frumvarps til breytinga á skipulagslögum \(hagkvæmar íbúðir\), mál nr. 1052.pdf](#)

### **18. 2305026SA - Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 23. maí 2023, um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

[Frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.pdf](#)

[Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingum á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi - mál 1028..pdf](#)

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30**

[Til baka](#)

[Prenta](#)

# Fundargerð 928. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 2. júní kl. 08:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Nanný Arna Guðmundsdóttir hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. **Kjarasamningar - 2304027SA**

Formaður og Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, gerðu grein fyrir stöðu mála í samningaviðræðum við BSRB. Í máli Ingu Rúnar kom fram að staðan sem upp er komin sé alvarleg og hefur því miður haft áhrif á fjölda aðila. Tók hún skýrt fram að samninganefndin leggi áherslu á að klára samning við BSRB eins fljótt og hægt er.

*Stjórn sambandsins þakkar fyrir upplýsingarnar og ítrekar að samninganefnd sambandsins hefur fullt umboð til kjaraviðræðna við BSRB félög í samræmi við það sem rætt var um á fundinum.*

### 2. **Kjarasamningar 2023 - verkfallsboðun aðildarfélaga BSRB - 2304027SA**

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins greindi frá fundum með framkvæmdastjórum sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 09:15

# Fundargerð 453. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, miðvikudaginn 17. maí kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 452. fundar - 2301001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 452. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. apríl 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Fundargerðir Siglingaráðs - 2009019HA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 39., 40. og 41. fundar Siglingaráðs frá 2. mars, 19 apríl og 9. maí 2023.

**3. Fundargerð samstarfsnefndar Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009013HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 2. fundar samstarfsnefndar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands frá 25. apríl 2023.

Ákveðið að fá lögfræðing hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að taka saman stutt minnisblað um aðgang Fiskistofu að myndavélum í höfnum en í lögum nr. 85/2022 fékk Fiskistofa heimild til að fá aðgang að myndavélakerfum í löndunarhöfnum. Stjórn hafnasambandsins telur mikilvægt að það sé skýrt í hverju aðgangsheimildin sé fólgin og hvort að höfnum sé heimilt að taka gjald fyrir þessa þjónustu.

Jafnframt lagt til að fá lögfræðilít varðandi fjarvigtanir og hvaða breytingar þurfi að gera á lögum og reglugerðum svo hægt verði að fara í tilraunaverkefni í fjarvigtnun. Einnig samþykkt að taka saman ábendingar varðandi úrbætur varðandi vinnu og skráningar í Gaflinn.

**4. Aðalfundur Cruise Iceland 2023 - 2305001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Cruise Iceland sem haldinn var 2. maí 2023. Einnig lögð fram ársskýrsla Cruise Iceland dags. 2. maí 2023.

**5. Drög að reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands - 2305003HA**

Lögð fram drög að reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, mál nr. S-92/2023, ásamt fylgiskjali.

Stjórn felur formanni að útbúa umsögn um drögin þar sem fram kemur að Hafnasamband Íslands taki jákvætt í þessar breytingar enda eru þær löngu

tímabærar. Jafnframt leggur stjórn áherslu á að grjótnargarðar verði einnig settir inn í skilgreiningu reglugerðarinnar á hafnarmannvirkjum.

**6. Vorfundur 2023 - 2305004HA**

Rætt um dagskrá vorfundar hafnasambandsins sem að þessu sinni verður á Norðurlandi vestra 12.-13. júní 2023.

**7. Vinnuhópur umhverfísráðuneytis vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum - 2305005HA**

Rætt um áherslur og ábendingar stjórnar hafnasambandsins vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum. Lúðvík Geirsson er tilnefndur í vinnuhóp um málefnið fyrir hönd Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

**8. Hafnalög - EES innleiðing - 2303002HA**

Lögð fram til kynningar lög um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur) sem voru samþykkt á Alþingi 15. apríl 2023.

**9. Breytingar á reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum - 2305002HA**

Lögð fram reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum, nr. 580/2017. Stjórn Hafnasambands Íslands leggur til að breyting verði gerð á 8. gr. þannig að heimilt verði að minnka lýsingu á tímabilinu kl. 24:00 til 08:00 þegar starfsemi er í lágmarki, þannig að lágmarks ljósstyrkur verði 70%, sem minnkar lýsinguna á fyrrnefndu tímabili en hreyfiskynjarar auki lýsinguna þegar starfsemi fer í gang á hafnarsvæðum á tímabilinu. Stjórn hafnasambandsins telur að öryggismál á hafnarsvæðum verði óbreytt þrátt fyrir þessa breytingu en á sama tíma munu hafnirnar sporna gegn orkusóun og vernda náttúruna. Formanni falið að fylgja málinu eftir og senda erindi á innviðaráðherra um málið.

**10. Hafnafundur 2023 - 2211002HA**

Drög að dagskrá hafnafundar lögð fram til kynningar en hafnafundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.

Fundi var slitið kl. 12:45



DIGITAL SIGNATURE 28.4.2023 14:47:58 GMT	DIGITAL SIGNATURE 28.4.2023 14:49:28 GMT	DIGITAL SIGNATURE 28.4.2023 14:50:24 GMT	DIGITAL SIGNATURE 28.4.2023 15:23:22 GMT
<i>Pórdís Sif Sigurðardóttir</i> Pórdís Sif Sigurðardóttir Reason: Signature	<i>Björn Ingimarsson</i> Björn Ingimarsson Reason: Signature	<i>Jón Björn Hákonarson</i> Jón Björn Hákonarson Reason: Signature	<i>Baldur Smári Einarsson</i> Baldur Smári Einarsson Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 28.4.2023 16:39:55 GMT	DIGITAL SIGNATURE 2.5.2023 07:51:18 GMT	DIGITAL SIGNATURE 2.5.2023 11:51:24 GMT	
<i>Íris Róbertsdóttir</i> Íris Róbertsdóttir Reason: Signature	<i>Fannar Jónasson</i> Fannar Jónasson Reason: Signature	<i>Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir</i> Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Reason: Signature	

## Fundargerð 72. fundar

### stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 19. apríl kl. 10:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Baldur Smári Einarsson, Pórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Skýrsla Boston consulting group um lagareldi - óskað umsagnar - 2304001SA**

Lögð fram til kynningar skýrsla Boston consulting group vegna lagareldis ásamt tölvupósti frá Matvælaráðuneytinu er varðar þátttöku í samráðsferli vegna stefnumótunarvinnu lagareldis.

Stjórn samþykkir að Samtökin verði þátttakendur í áðurnefndu samráðsferli og fela starfsmanni að svara ráðuneytinu þar um.

2. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vorkundur 2023 - 2211004SU**

Umfjöllun um fyrirhugaðan vorkund.

Farið yfir dagskrá væntanlegs vorkundar stjórnar sem fram fer á Austfjörðum dagana 10-12.mái nk.

3. **Skerðing á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja - 2112001SU**

Stjórn ræddi afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja sem og annara fyrirtækja í sjávarútvegi og þær skerðingar sem verið hafa síðustu ár á þeim vettvangi. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun vegna þessa og felur starfsmanni að koma henni á framfæri við stjórnvöld og raforkufyrirtæki vegna þessa.

Stjórn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem ítrekað hefur nú komið upp í raforkuframléiðslu og flutningi sem gert hefur af verkum að skerðingar hafa verið tíðar til fiskimjölsverksmiðja sem og annarrar starfsemi sem tengist sjávarútvegi ásamt því að flutningskerfi raforku hefur ekki getað komið raforku til sjávarútvegsfyrirtækja víða um land. Til að mæta þessu hefur verið gripið til notkunar á olíu til framléiðslu afurða. Slíkt gengur í algert berhögg við loftlagsmarkmið og ímynd matvælaframléiðslu á Íslandi sem að sjálfsögðu á að vera knúinn endurnýjanlegum orkugjöfum sem mest. Því skorar stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga á stjórnvöld og fyrirtæki í raforkuframléiðslu og flutningi raforku að tryggja fyrirtækjum í sjávarútvegi örugga raforku á samkeppnishæfu verði til að tryggja hreinleika við

*framleiðslu þeirrar vöru sem framleidd er hér á landi og losa út brennslu á olíu í framleiðslunni sem mest má.*

Fundi var slitið kl. 11:00

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Jón Guðmann Pétursson <jongp@simnet.is>  
**Sent:** föstudagur, 2. júní 2023 14:50  
**To:** postur@isafjordur.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; sveitarstjori@reykholar.is; sudavik@sudavik.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; bolungarvik@bolungarvik.is; talknafjordur@talknafjordur.is; Snæfellsbær; grundarfjordur@grundarfjordur.is; stytkkisholmur@stytkkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; dalir@dalir.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; skrifstofa@hunathing.is; hunabyggd@hunabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; skagabyggd@simnet.is; skagastrond@skagastrond.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is; nordurthing@nordurthing.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; esveit@esveit.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; sveitastjori@grenivik.is; postur@svalbardsstrond.is; horgarsveit@horgarsveit.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; mulathing@mulathing.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; klaustur@klaustur.is; afgreidsla@hornafjordur.is; myrdalshreppur@vik.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; asahreppur@asahreppur.is; skeidgnup@skeidgnup.is; hruni@fludir.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; gogg@gogg.is; floahreppur@floahreppur.is; olvus@olvus.is  
**Subject:** Athugasemdir við álit og leiðbeiningar SÍS til sveitarfélaga vegna ágangsfjár  
**Attachments:** Andmæli við minnisblað Samb. ísl. sveitarfélaga um ágang búfjár.pdf

Beinist til fulltrúa bæjar- og sveitarstjórna.

Meðfylgjandi eru athugasemdir við álit og leiðbeiningar SÍS til sveitarfélaga vegna álits Umboðsmanns og úrskurðar dómsmálaráðuneytisins vegna ágangsfjár.

Þann 2. júní 2023,

Virðingarfyllst,

Jón Guðmann Pétursson  
Kristín Magnúsdóttir  
Ívar Ingimarsson  
Lilja S. Jónsdóttir

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30, 112 Reykjavík.

B.t. Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns stjórnar.

Efni: Athugasemdir við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi sveitarfélögum landsins minnisbréf dagsett þann 3. febrúar sl. sem hafði að markmiði að varpa ljósi á réttarstöðu sveitarfélaga þegar beiðnir um smölu berast þeim vegna ágangs búfjár, í ljósi álitis Umboðsmanns Alþingis 11. október 2022 (11167/2021) og úrskurðar Dómsmálaráðuneytisins 11. janúar 2023 (DMR21080053).

Í minnisblaðinu er fallist á niðurstöðu álitis umboðsmanns, þ.e. að sveitarstjórnnum beri lagaskyld til að smala ágangsfé í heimalöndum skv. ákvæðum IV. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil og fleira, nr. 6/1986.

Þó fallist sé á lagskylduna í minnisblaðinu, er þar flest fundið því til forráttu að sveitarfélög sinni þeirri skyldu.

Þá er alfarið skautað framhjá þeim gríðarlega vanda sem ágangsfé er í mörgum sveitum og þá bæði siðferðislegu og lagalegu skyldu sveitarstjórna að takast á við og leysa þann vanda. Til viðbótar tjóninu sem ágangsfé veldur í heimalöndum, er ekið á u.þ.b. 1.000 kindur á þjóðvegum í sveitum landsins á hverju sumri, í mörg hundruð slysum. Í þeim slasast tugir vegfarenda, sumir alvarlega.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við efni minnisblaðsins.

### 1. Gróður er eign sem nýtur friðhelgis eignarréttar skv. stjórnarskrá.

Í kaflanum um ágang búfjár úr afrétti í eignarlönd segir m.a. í minnisblaðinu:

„Lagaákvæðið er þó ekki nægilega hnitmiðað svo mögulegt sé að leggja til einhver viðmið um hvenær sveitarstjórn ætti að smala, en hér þyrfti að líta til fjölda fjár og þá hvort fé sé að valda einhverju tjóni á eignarlandi.“

Þarna glittir í þá skoðun, sem heyrst stundum frá þeim sem vilja fódra kindur sínar í leyfisleysi á gróðri í annarra manna löndum, að kindur valdi engu tjóni. Gróður sé einskis virði og ástæðulaust fyrir landeigendur að gera veður út af eyðingu hans af hálfu annarra manna búfjár. Um friðhelgi gróðurs var fjallað í 2. gr. frumvarps þingmanna Framsóknarflokksins, sem lagt var fram á Alþingi árið 1929, í þeim tilgangi að koma á vörsluskyldu búfjár í heimasveitum. Greinin hljóðaði þannig:

„Gróður lands er friðhelgur, og er því hver búfjáreigandi skyldur að gæta búfjár síns, að það geri ekki öðrum skaða, með þeim nánari ákvörðunum og takmörkunum, sem lög þessi setja.“

Í skýringu við lagagreinina var fjallað um eignarrétt, stjórnarskrá og gróður:

„Eignarrétturinn er friðhelgur eftir stjórnarskránni. Gróður lands er eign þess, sem landið á eða hefir umráð yfir. Af þessu leiðir, að sérhverjum er óheimilt að beita annars land.“

Þegar landeigandi óskar eftir því að ágangsfé sem er í landi hans sé smalað og flutt burt, þá halda ekki þau rök, þó vinsæl séu, að ágangsfé valdi „engu tjóni“. Kindur éta gróður og ræktun landeigandans, þó svo fyrrgreint frumvarp hafi ekki orðið að lögum árið 1929, þá njóta eignir hans friðhelgis eignarréttar skv. 72. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins. Þá getur tjón af völdum ágangs verið gríðarlegt, t.a.m. í nýskógrækt.

Hefðbundin eignarumráð fela meðal annars í sér einkarétt til afnota og hagnýtingar eignar. Eins felst í eignarrétti réttur til að hindra hagnýtingu annarra á umræddri eign. Þannig skiptir það engu hvort um sé að ræða eina kind eða fleiri sem éta gróður í óþökk landeiganda, eða hvort um verulegt eignartjón sé að ræða eður ei. Ágangur er ólögmætur og eigendum ágangsfjár og hlutaðeigandi sveitarfélögum ber að koma í veg fyrir ólögmæta hagnýtingu eigna annarra.

## 2. Fjallskilasamþykktir eru ekki óskalisti kindaeiganda.

Í niðurstöðukafla minnisblaðinu segir að mögulegt væri að setja í fjallskilasamþykktir ákvæði um hvenær sveitarfélögum beri að smala ágangsfé í heimalandi, sem kemur úr öðru heimalandi. Þar segir:

„Hvað varðar smölun milli eignarlanda er niðurstaða undirritaðs að skylda sé til staðar að lögum að annast smölun á kostnað eiganda búfjár. **Skilyrði til smölunar mætti skilgreina í fjallskilasamþykkt, þ.m.t. hvað teljist til „ágangs“ búfjár í skilningi ákvæðisins.**“

Í 3. gr. laga um afréttamálefni nr. 6/1986, segir um fjallskilasamþykktir:

„Í fjallskilasamþykkt skal kveðið á um ytri mörk fjallskilaumdæmis, skiptingu umdæmis í fjallskiladeildir, réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitslanda, fjallskil og smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði er að framkvæmd fjallskila lúta.“

Hvað sé ágangur og hvenær ber að smala honum, snýr ekki að fjallskilum og er því ekki „útfæranlegt“ í fjallskilasamþykkt. Í 33. gr. laga um afréttamálefni nr. 6/1986 er sérstök heimild þess efnis að hægt sé í fjallskilasamþykkt að ákveða hvernig kostnaði vegna smölunar ágangsfjár sé fyrirkomið, þegar það kemur úr öðru heimalandi. Ef löggjafinn hefði viljað að önnur atriði ágangsmála væru „útfærð“ í fjallskilasamþykktum, hefði hann látið þess getið í lagagreininni, í stað þess að takmarka heimildina við kostnaðinn.

Athygli er vakin á því að Umboðsmaður Alþingis hefur í álitu bent á að ráðherra hafi eftirlitsskyldu með fjallskilasamþykktum og beri að tryggja að þær séu í samræmi við lög.

## 3. Löghlýðni - bara stundum.

Í kaflanum um ágang vegna búfjár sem heimilt er að hafa í heimahögum segir m.a.:

„Lögin gera þó beinlínis ráð fyrir því að sveitarstjórnir haldi að sér höndum vegna slíkra beiðna og er einn möguleiki sveitarfélags að hafna öllum slíkum beiðnum.“

Það er skýr lagaskylda sveitarstjórna að smala ágangsfé í heimalöndum og undan þeirri lagaskyldu geta sveitarfélög ekki vikist. Sveitarstjórnir byggja tilveru sína á löghlýðni þegnanna og hafa eftirlitsskyldu með þeirri hlýðni á fjölmörgum sviðum. Það skýtur skökku við að það sé álitinn kostur fyrir sveitarstjórnir að fara ekki að lögum.

Ef sveitarstjórnir fara ekki að lögum er um lögbrot að ræða sem er, eins og önnur lögbrot, kærnanlegt til lögreglu. Til viðbótar því að þurfa að sinna verkefninu, sem sveitarfélagið skirrist undan, mundi lögreglan væntanlega beita sveitarfélagið viðeigandi viðurlögum.

## 4. Er erfiðara smala kindum, en handsama hunda, hesta eða hrúta?

Í kaflanum um málsmeðferð sveitarfélags vegna beiðna um smölun vegna ágangs milli eignarlanda, segir m.a. í minnisblaðinu:

„Ákveði sveitarstjórn að sinna beiðni um smölun vegna ágangs sauðfjár milli heimalanda er mikilvægt að hafa í huga að **um er að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gagnvart þeim sem eiga umrætt sauðfé, hyggist sveitarfélag innheimta þann kostnað hjá sauðfjáreigendum.** Það hefur í för með

sér skyldu sveitarfélagsins til þess að virða meginreglur stjórnsýslulaga, þ.m.t. um meðalhóf, rannsóknarskyldu og andmælarétt. **Áður en sveitarfélag myndi ganga í slíka smölun fjár þyrfti a.m.k. að gera eigendum aðliggjandi jarða viðvart að slík smölun eigi að fara fram, hver áætlaður kostnaður við hana yrði (tímagjald smala, fjöldi þeirra og annað sem máli getur skipt) og þeir þurfi innan t.d. 7 daga að ná í sauðfé sem þeir telji sig eiga, en að öðrum kosti muni sveitarstjórn smala og kostnaði verði deilt á eigendur búfjár eftir höfðatölu þess sem smalast. Slíkt ætti að birtast á heimasíðu og jafnframt með sannreynanlegum hætti til viðkomandi s.s. með ábyrgðarbréfi.“**

a. **Stjórnsýslulög; einföld, hraðvirk og ódýr stjórnsýsla..?**

Minnisblaðið kveður ákvörðun sveitastjórna að smala ágangsfé, þegar rukka þarf ágangseigendur fyrir kostnaði við smölunina, vera íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og því sé nauðsynlegt að það dagshlutaverk taki eina til tvær vikur, til að innheimta kostnaðarins sé öruggari.

Þegar landeigandi óskar eftir að gróður og starfsemi hans fái lögskipaða vernd fyrir frekara tjóni af völdum ágangsfjár, fellur slík vernd um sjálfa sig ef sveitarstjórnin býður með að láta smala í eina til tvær vikur, á meðan hún á í bréfasamskiptum við hugsanlega fjáreigendur um fyrirhugaða smölun. Með því flókna, seinvirka og kostnaðarsama verklagi, til að uppfylla ákvæði stjórnsýslulaga, er gengið þvert gegn einu af þremur meginmarkmiðum laganna, sem er að stuðla að því, og alls ekki girða fyrir, að málsmeðferð stjórnsýslunnar sé í senn **einföld, hraðvirk og ódýr.**

b. **Enginn smalar heimaland nema eigandi, sveitarstjórn eða lögregla.**

Rakið er í minnisbréfinu að sveitarstjórnir gætu boðið mögulegum ágangseigendum að ná í féð sitt, t.d. innan 7 daga, en að öðrum kosti muni sveitarstjórn láta smala. Augljóslega er slíkur framgangsmáti ómögulegur. Ef hópur ágangsfjár er í heimalandi þá getur sauðfjáreigandi, sem heldur að hann eigi sauð í hópnum, komið með smölunarteymi og elt sauðina uppi, þá komi sá næsti með sitt teymi og elti sauðina uppi og svo koll af kolli þar til sumir sauðirnir hafa verið teknir - og þá loks komi smölunarteymi sveitstjórnar og smali rest og skili þangað þar sem þeir mega vera. Að hinir og þessir vaði ítrekað yfir annarra manna heimalönd í leit að sauðum, er vitaskuld ekki valkostur. Slíkt „meðalhóf“, ef það telst vera það, er ólöglegt og ómögulegt.

c. **Aðilar máls og skynsamlegri framgangsmáti.**

Sveitarstjórn veit ekki hverjir eru aðilar máls þegar beiðni berst um að smala ágangsfé í heimalandi. Féð getur komið langan veg, þar sem það ferðast eftir þjóðvegum, fer yfir fjöll og eftir fjörum, og getur því verið í eigu ótal aðila og í raun allra sem eiga kindur í viðkomandi sóttvarnarhólfi. Það storkar skynsemi að ætla sveitarstjórnnum að taka upp formleg samskipti við þá sem eiga kindur í viðkomandi sóttvarnarhólfi til að gefa þeim andmælarétt, vegna komandi smölunar á nokkrum kindum – og veiti þeim öllum andmælarétt, tækifæri til að kanna hvað þeir eigi í hópnum og svo leyfi til að sækja skjáturnar sínar næstu vikuna, eða svo.

**Eðlilegri framgangsmáti er að sveitarstjórn láti eins fljótt og verða má smala fénu í aðhald, svo hægt sé að sinna þeirri rannsóknarskyldu að finna út úr því hverjir eru eigendur fjárins, og því aðilar að málinu. Því næst að bjóða þeim að sækja féð innan t.d. tveggja daga. Ef þeir geri það ekki, verði það keyrt þangað þar sem það má vera, með viðeigandi viðbótarkostnaði fyrir eigandann.**

d. **Lausir hundar.**

Ef hundar ganga lausir í borginni er hundaeftirliti borgarinnar gert að handsama þá. Borgin hefur ekki haft þann hátt á að senda í ábyrgðarpósti bréf til skráðra hundaeigendur viðkomandi borgarhluta þar sem þeim er gert grein fyrir að hundar

gangi lausir og stefnt sé að því að handsama þá en eigendur þeirra þyrftu að leysa þá út gegn kr. 34.650 gjaldi fyrir hvern hund. Þeir sem hafi athugasemdir við þann framgangsmáta hefðu svo andmælarétt í nokkra daga og gætu sjálfir leitað hundanna í viku. Núverandi verklag borgarinnar er byggt á samþykkt hennar um hundahald nr. 355, dagsett 11. mars 2022.

Í 4. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 er sveitarfélögum heimilað að setja samþykkt um búfjárhald sem birta skal í Stjórnartíðindum. Þar væri, ef slíkt er talið nauðsynlegt eða æskilegt, hægt að upplýsa um skyldur búfjáreigenda og sveitarfélagsins varðandi ágangsfé og mögulegan kostnað vegna slíks fjár, ef til smölunar þess kæmi.

**Fyrst hægt er að handsama hunda hratt og örugglega, þegar þeir ganga lausir þar sem þeir mega ekki vera, og rukka eigendur þeirra um handsömunargjald, er ótrúlegt að ekki sé hægt með svipuðum hætti að handsama kindur, þegar þær eru þar sem þær mega ekki vera, og rukka eigendur þeirra um handsömunarkostnað.**

Eini munurinn er að lausir hundar, ólíkt ágangsfé, eru í langflestum tilfellum ekki uppteknir við að skemma eigur einhvers.

e. **Graðpeningur.**

Lög fela sveitastjórnnum ýmis brýn verkefni, m.a. að varna því að graðpeningur valdi skaða í kynbótastarfi bænda. Í 2. mgr. 4. gr. laga um búfjárhald, nr. 38/2013, segir:

**„Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðpening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt lögum um nauðungarsölu en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðpeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.“**

Ótrúlegt er að þau vinnubrögð hafi tíðkast, eða séu ráðlögð af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, að þegar kvartað er yfir lausum graðhestum, setji sveitarstjórnir sig í skriflegt samband, með ábyrgðarpósti, við þá sem mögulega eiga slíka hesta, láti þá vita að til standi að koma graðhestunum í örugga vörslu, og upplýsi mögulega eigendur hestanna um væntanlegan kostnað, ásamt því að gefa þeim andmælarétt í nokkra daga - og viku til að ná þeim sjálfir.

**5. Allt orkar tvímælis ef smala á ágangsfé.**

Í minnisblaðinu segir um allskonar möguleg ágreiningsmál, meint varnarleysi sveitarstjórna og réttindi landeigenda:

**„Hér má gera ráð fyrir að deilur gætu staðið um ýmis atriði varðandi ákvarðanir sveitarstjórnar, s.s. um það hvort þetta teljist „ágangur“ búfjár eða ekki, hvernig kostnaðarskipting eigi að vera, enda ekkert fjallað um það ef fé finnst frá fleiri bæjum en einum í sömu leitinni, hvort of margir/fáir menn hafi verið fengnir til leitar og eflaust fleiri atriði sem slíkir aðilar gætu byggt rétt sinn á... Þá getur sveitarfélag ekki gert kröfur af neinu tagi gagnvart viðkomandi umráðamanni búfjár að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur, þ.e. að ágangurinn verði sífelldur, heldur er sá réttur til staðar hjá eigendum heimalandanna í samræmi við ákvæði girðingalaga. Mögulegt er því að beiðnir um smölun gætu orðið sífelldar ef fé leitar ávallt á sömu staði og sömu heimalönd.“**

Fyrir í minnisblaðinu eru leidd rök að því að **ágangur** í heimaland, sem kemur úr öðru heimalandi, sé líklega allt frá því að vera stök kind einu sinni. Við teljum reyndar að það liggi í augum uppi. **Kostnaðarskipting** hlýtur að vera í hlutfalli við fjölda fjár sem hver á (en ekki hvernig..?). Að gera ágreining um **fjölda smalamanna** hlýtur að þurfa að byggjast á eðlilegum og málefnalegum sjónarmiðum.

Að sveitastjórnir geti ítrekað lent í að smala sama fénu, frá sama aðilanum, og geti ekki gert neinar kröfur til viðkomandi kindaeiganda, er alls ekki rétt því að í 5. gr. laga um búfjárhald, nr. 38/2013 segir:

„Sveitarstjórnnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, **til að koma í veg fyrir ágang búfjár**, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins....**skal vera gripheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé.**“

Ef sveitarstjórn vill ekki, eða hefur ekki trú á þeirri leið að smala og rukka, til að koma í veg fyrir að fé valdi ítrekað skemmdum í landi þar sem það má ekki vera, þá getur sveitastjórn einfaldlega sett á vörsluskyldu á búfé í sveitinni.

Að það sé réttur landeiganda að láta eigendur ágangsfjár girða lönd sín af – er einnig mikill misskilningur. Land ágangseiganda geta legið að þjóðvegi, upp í fjallshlíðar eða niður að fjörum og ef eigandanum sýnist svo á fé hans frjálsa för eftir fjallinu, fjörunni eða þjóðvegnum. Að ágangspöndur hafi úrræði til þess að láta þá, sem sleppa viljandi fé sínu lausu í heimasveitum, girða sig betur, er alls ekki rétt.

**Sveitastjórnin er eini aðilinn sem getur komið skikki á ágangsmál í heimasveitum og leyst þau alvarlegu vandamál sem búfé á flækingi valda, er lúta að friðhelgi gróðurs landeigenda, velferð dýranna og öryggi vegfarenda. Það geta þær annað hvort gert með því að láta smala ágangsfé hratt og örugglega, og rukkað eigendur þess fyrir kostnaði með þeim augljósa tilgangi að þeir gæti eftirleiðis betur að búfé sínu, eða með því að skylda hið sjálfsagða fyrirkomulag, sem er alls staðar þar sem til þekktist í veröldinni, að eigendur búfjár gæti þess vandlega í heimasveitum (heimalöndum).**

**Virðingarfyllst,**

Forsvarsmenn umræðuhóps um lausagöngu sauðfjár (1.472 meðlimir),

**Jón Guðmann Pétursson, kt. 311259-3779**

**Kristín Magnúsdóttir, kt. 270259-2009**

**Ívar Ingimarsson, kt. 200877-5359**

**Lilja S. Jónsdóttir, 090790-2509**

**Afrit:**

Innviðaráðuneyti, Matvælaráðuneyti, Dómsmálaráðuneyti, Bændasamtök Íslands, Umboðsmaður Alþingis, Landvernd, Landgræðslan, Skógræktin, Sjóvá, VÍS, Vörður, TM, Dýraverndarsamband Íslands, Samgöngustofa, Vegagerðin, Matvælastofnun.



## áskorun sveitafélaga

Dóra Unnars <unnarsdottir@gmail.com>

Fri 5/26/2023 12:12 PM

To: Snæfellsbær <snb@snb.is>

📎 2 attachments (49 KB)

153-4627.pdf; sveitastjórn.docx;

Sæl/l

Strandveiðifélag Íslands leitar nú til sveitafélaga um hvaða þýðingu strandveiðar hafa fyrir sveitafélagið Snæfellsbær.

>  
> Í viðhengi er áskorun sem þrjú sveitarfélög á norðausturlandi sendu atvinnuveganefnd. Ég var að velta því fyrir mér hvort sveitarfélög á Snæfellsnesi gætu gert eitthvað svipað, s.s. að senda áskorun um að fella niður stöðvunarheimild Fiskistofu. Á móti væri þá hægt að skoða hvort fækka mætti föstum sóknardögum í 11, eða jafnvel 10. Ég hnoðaði saman röksemdafærslu fyrir því að frumvarpið myndi ekki jafna leikinn, heldur færa ósanngirnina yfir á A svæði. Ég læt það skjal einnig fylgja í viðhengi.

>  
> Bestu kveðjur fyrir hönd Strandveiðifélags Íslands  
>  
> Kjartan og Halldóra

Strandveiðikerfið eins og það er í dag er ósanngjarnt þar sem það hallar á strandveiðimenn á norðausturlandi. Það er full ástæða til þess að breyta kerfinu þannig að lágmarka ósanngirni milli landsvæða. Frumvarpið sem nú liggur hjá atvinnuveganefnd er þó ekki lausnin á vandamálinu, heldur færir vandamálið eingöngu á milli landsvæða. Ef frumvarpið verður samþykkt gætu strandveiðimenn á A svæði misst helminginn af sóknardögum í maí og júní, þegar fiskgengd er þar sem best. Þeim býðist ekki sá valkostur að færa heimildir yfir á sína bestu mánuði eins og C svæði býðst. Þar að auki myndi nýtt fyrirkomulag hvetja til ólympískra veiða mánaðarlega. Það er því ljóst að frumvarpið myndi skaða vesturland um ókomna framtíð.

Landssamband smábátæigenda og Strandveiðifélag Íslands hafa bent á að eina leiðin til að gæta sanngirnis sé að tryggja hverjum bát fasta daga í hverjum mánuði. Fækka mætti dögum gegn því að stöðvunarheimild Fiskistofu sé tekin út. Við skorum á Matvælaráðherra að fara þessa leið, strandveiðiflotanum til heilla.

## ÁSKORUN

Neðangreind sveitarfélög skora á matvælaráðherra og Alþingi að jafna afkomumöguleika strandveiðisjómanna óháð búsetu, með lögfestingu ákveðins veiðidaga fjölda án stöðvunar veiða þegar heildarpotti er náð. Þar til því takmarki er náð krefjumst við að núverandi strandveiðipotti verði skipt á veiðisvæði í réttu hlutfalli við útgefn strandveiðileyfi á viðkomandi svæði. Nú þegar strandveiðitímabilið er nýhafið eru fjölmargir strandveiðibátar að flytja sig af C- svæði til annarra svæða þar sem betur veiðist snemmsumars. T.d. eru fimm bátar farnir nú þegar frá Raufarhöfn yfir á önnur svæði og má öllum vera ljóst að brotthættar byggðir norðan og austan lands mega ekki við fleiri áföllum og núverandi fyrirkomulag strandveiða er sjávarþorpum á þessu svæði mjög óhagstætt og brýnna aðgerða er þörf.

8. maí 2023.

F.h. Múlapings



*Björn Þorvarsson*  
Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar

F.h. Norðurlþingis  
*Katla Sigurðsdóttir, sveitarstj.*  
Norðurlþing

Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar 31. 5. 2023

(Heimilisfang Lýsuhólsskóli 356 Snæfellsbæ)

### Erindi til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar frá starfsfólki Lýsudeildar GSNB

Í lok janúar síðastliðins varð ljóst að herbergi þau inn af anddyri skólans/félagsheimilisins sem leikskólaseilið í Lýsudeild hefur haft til afnota undir sitt starf væru illa farin af leka gegnum steypu og ekki verjandi að hafa þar starfsemi og aðstöðu fólks vegna hættu af lélegum loftgæðum.

Byggingar á staðnum eru umfangsmiklar, ekki síst að rúmmáli, en ekki nema að hluta til hugsaðar fyrir skólastarf og ekki úr mörgum hólfum að móða til kennslu.

Til að geta haldið leikskólastarfi, og þar með starfsfólki skólans sem treystir á leikskólaseilið til að geta unnið við skólann, var ákveðið að flytja leikskólaaðstöðuna inn í minnstu kennslustofuna á ganginum sem hefur hýst hljóðfæri, tónmenntar- og tónlistarkennslu og verið heimastofa nemenda 7.-8. bekkjar. Þessi stofa hefur að auki verið það pláss sem einfaldast er að losa þá daga sem sérfræðingar í t.d. skólasálfræði, námsráðgjöf, skólahjúkrun og talmeinum eru við skólann.

Því sem tilheyrir tónmennt var komið fyrir í geymslukompu inn af stofu yngstu nemenda og kennslan færð í þá stofu. Um nemendur sem átt höfðu litlu stofuna að heimastofu var búið á skólagangi með sín skólaborð, stóla og námsgögn. Það var hugsað sem ímynduð tveggja vikna lausn í mesta lagi þar til búið yrði að lagfæra leka í leikskólaherbergjum.

Dúskemmdir á þaki, og þar með steypuskemmdir/raki í steypu og leki, reyndust of umfangsmiklar og veðurlag of óhagstætt til að hægt væri að laga fyrir en við réttar aðstæður sem náðust nokkrum vikum seinna og þakdúkurinn var bættur. Þá er eftir að fá fullvissu fyrir því að veggir í leikskólaherberginu leki ekki lengur, að þeir þorni og viturlegt sé að starfsfólk og börn hafi þar starfsaðstöðu. Niðurstaða í því er ekki enn komin.

Af þessum sökum sitja nemendur í 7.-8. bekk enn á skólagangi við nám í fjölmörgum kennslustundum yfir vikuna. Þar er lítill vinnufriður, veggir í kennslustofum eru lítt sem ekkert hljóðeinangraðar fram á ganginn og töluverður hávaði getur borist frá leikskólabörnum. Aldrei er laust við umferð um ganginn því klósettferðir eru vinsælar hjá nemendum og nauðsynlegar til að hressa upp á sig, starfsfólk á oft leið um ganginn eins og gefur að skilja og iðnaðar- og tæknimenn sem til okkar eiga erindi þannig að nemendurnir á ganginum, ásamt kennara, verða fyrir linnulitlum truflunum. Nemendum fellur þetta mis-illa en svo er komið að flestir sárkvarta yfir þessum aðstæðum, að geta ekki einbeitt sér, fá ekki vinnufrið og einhverjir hafa áhyggjur af árangri sínum í námi.

Kennurum finnst ákaflega erfitt að sinna kennslu við þessar aðstæður og eru nokkuð að bugast fyrir sína og barnanna hönd. Þeir verða líka fyrir truflunum og aðstæður bjóða ekki upp á möguleika á fjölbreyttum kennsluháttum.

Kennsluuppsetningin á ganginum skerðir einnig rými og aðstöðu nemenda í frímínútum.

Ekki er líklegt að framar verði litið á herbergin inn af anddyri skólans sem viturleg mannvistarrými fyrir margra hluta sakir. Þau voru áður, fyrir daga leikskólasels, stundum notuð til kennslu og sem aukarými fyrir fyrrnefnda fræðinga eða fundi. Ekki þarf að reikna með að foreldrar, nemendur eða starfsfólk sætti sig við að þar verði dagleg vinnuaðstaða.

Þar þótti engum þægilegt að vera við nám eða kennslu og best væri að herbergin fengju sem fyrst hlutverk þeirrar geymslu sem ekki er að finna í skóla/félagsheimili fyrir borð, stóla og það sem tengist búnaði í félagsheimili. Sá búnaður er í stöflum innst á sviði salarins sem ekki er hægt að loka af, þannig að nemendum er hætta búin þótt stranglega sé bannað að vera á því svæði. Einnig á karlklósetti inn af anddyri og í hornum anddyrisins og þarf að fjarlægja þegar samkomur eru haldnar í húsnæðinu.

**Að þessu öllu sögðu viljum við minna á fyrirheit um aukið húsrými ætlað skólalöginu. Við höfum treyst á að viðbótarhúsnæðið verði tilbúið í haust en gerum okkur grein fyrir dvínandi líkum á því. Það breytir þó ekki því að við óskum eftir að í algjöran forgang verði sett að koma fyrir fyrirhuguðum og fyrirheitnum húsum við skólann og gera þau tilbúin til notkunar.**

**Virðingarfyllt**

Fyrir hönd starfsfólks Grunnskóla Snæfellsbæjar, Lýsudeildar

Þ.m.t. skólastjóra

Rósa Erlendsdóttir

deildarstjóri

Samband íslenskra sveitarfélaga  
b.t. Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

Akureyri, 19. maí 2023

## **Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Kjalar um verkföll**

Daganna 16. til 19. maí 2023 var haldin atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Kjalar um boðun verkfalls hjá Snæfellsbæ. Niðurstaðan varð sú að **79** samþykktu verkfallsboðun af alls **91** greiddum atkvæðum. Þannig samþykktu **86,81%** félagsmanna verkfallsboðun. Þátttakan var **70,54%** eða **91** af alls **129** sem voru á kjörskrá.

**Það tilkynnist hér með að vinnustöðvanir munu hefjast á miðnætti aðfaranótt 5. júní 2023 og verða sem hér segir:**

Ótímabundið frá klukkan 00:00 mánudaginn 5. júní 2023 hjá félagsfólki sem starfar í sundlaugum hjá Snæfellsbæ.

Frá klukkan 00:00 mánudaginn 5. júní 2023 til klukkan 23:59 miðvikudaginn 5. júlí 2023 hjá félagsfólki sem starfar í leikskólum hjá Snæfellsbæ.

Frá klukkan 00:00 mánudaginn 5. júní 2023 til klukkan 23:59 miðvikudaginn 5. júlí 2023 hjá félagsfólki sem starfar í áhaldahúsum Snæfellsbæjar hjá Snæfellsbæ.

Frá klukkan 00:00 mánudaginn 5. júní 2023 til klukkan 23:59 miðvikudaginn 5. júlí 2023 hjá félagsfólki sem starfar í Ráðhúsi Snæfellsbæjar hjá Snæfellsbæ.

Virðingarfyllst,  
f.h. Kjalar

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður

Afrit sent: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Snæfellsbær.

## Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Snæfellsbær 31. maí 2023

Við krefjumst réttlætis!

Það er fjarstæðukennt að árið 2023 sjái bæjarstjórn Snæfellsbæjar ekkert að því að starfsfólk þeirra sem sinna nákvæmlega sömu störfunum séu á mismunandi launum. Það er sárt og erfitt að vita til þess að bæjarstjórnin hafi ekkert gert til að hafa áhrif á þessa stöðu og stuðla að gerð réttláttra kjarasamninga.

Við gerum okkur fulla grein fyrir mikilvægi starfa okkar sem halda samfélaginu gangandi og sinnum þeim af mikilli ábyrgð og alúð. Launin endurspeglar að engu leyti samfélagslegt verðmæti starfanna. Þess vegna er viðvarandi mannekla í mörgum af þessum störfum, mikil starfsmannavelta og erfiðar starfsaðstæður sem birtast í hárrí veikindatíðni. Kröfur okkar eru réttlátar og sanngjarnar og kostnaðurinn sem af þeim hlýst er lágur ef litið er til heildar launakostnaðar sveitarfélagsins og þeirrar staðreyndar að þær fela í sér að jafna þann mun sem er á launum leikskólastarfsfólks í Snæfellsbæ og starfsfólki í sambærilegum störfum hjá öðrum sveitarfélögum þ.m.t. Reykjavíkurborg.

Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur í umboði sveitarfélagsins við gerð kjarasamninga en sveitarfélagið Snæfellsbær ber sjálft ábyrgð á að vinna í samræmi við jafnlaunavottun, jafnlaunareglur og sína eigin mannauðsstefnu. Því skorum við á bæjarstjórn Snæfellsbæjar að grípa til aðgerða til að stuðla að gerð kjarasamninga. Að öðrum kosti mun það fela í sér miklu hærri fórnarkostnað fyrir samfélagið þegar grunnþjónusta skerðist verulega og óánægja okkar eykst með hverjum degi sem líður án kjarasamnings.

Undirrituð eru starfsmenn leikskóla Snæfellsbæjar:

*Hlasi Þrúggvi*  
Kristjana Pétursdóttir  
Ljó Örn Þrastarson  
Mersedá Begjic  
Purpura Ragnars  
Hanna B. Ragnard.  
Alda Karen Antonsd  
María Uggfird  
Selma Crnac  
Júlietta Aurosselot  
Dominika Borkowicz  
Orsava Iluytska  
Marcela Ana Nafisek

Margret Vilhjálmsdóttir  
Lúvísa Hrunn / Stefáns  
Berglind Long  
Þórey Guðarsd  
Ketevon  
María Þórk. Sigurðardóttir

Snæfellsbær  
b.t. Kristins Jóhannssonar  
Klettsbúð 3  
360 Snæfellsbær



Akureyri, 31. maí 2023

### Efni: Verkfallsbrot á leikskólum Snæfellsbæjar, Krílakoti og Kríubóli

Félagssólk Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu sem starfar á leikskólum Snæfellsbæjar, Krílakoti í Ólafsvík og Kríubóli á Hellisandi er í löglega boðuðu verkfalli dagana 30. maí – 1. júní 2023. Við verkfallsvörslu þriðjudaginn 30. maí urðu verkfallsverðir varir við háttsemi sem að mati félagsins er verkfallsbrot. Háttsemin er eftirfarandi:

- Kríubóli var lokað á verkfallsdegi og það starfsfólk leikskólans sem starfar þar og er ekki í verkfalli var flutt á Krílakot. Þannig sinnti starfsfólk ekki sínum venjulegu störfum heldur gekk í störf verkfallsmanna. Að mati Kjalar er um verkfallsbrot að ræða.
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri unnu inni á deildum og leystu þannig af það félagssólk Kjalar sem var í verkfalli. Þau gengu þannig í störf verkfallsmanna og að mati Kjalar er um verkfallsbrot að ræða.
- Börn voru færð á milli deilda. Þannig var venjubundnu skipulagi starfseminnar breytt og dregið úr áhrifum verkfallsins. Að mati Kjalar er um verkfallsbrot að ræða.
- ~~Þá voru færð á fer Kríubóli til Krílakot. Þannig var venjubundnu skipulagi starfseminnar breytt og dregið úr áhrifum verkfallsins. Að mati Kjalar er um verkfallsbrot að ræða.~~

Að mati Kjalar eru ofangreind verkfallsbrot af hálfu Snæfellsbæjar og leikskólanna til þess fallin að draga úr áhrifum verkfallsins, sem eins og áður segir var löglega boðað. Þess er krafist að látið verði af háttseminni tafarlaust og löglegar verkfallsaðgerðir Kjalar virtar. Að öðrum kosti mun Kjölur leita til Félagsdóms með málið.

F.h. Kjalar stéttarfélags í almannajónustu,

Arna Jakobína Björnsdóttir

Afrit sent á Hermínu Kristínu Lárusdóttur, leikskólastjóra og Samband íslenskra sveitarfélaga

Skipagata 14  
Pósthólf 75  
602 Akureyri  
Sími 525 8383  
kjolur@kjolur.is  
www.kjolur.is





# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 22. maí 2023

**Erindi til allra sveitarfélaga**

## **Betra Ísland – og grænna**

**Á stjórnarfundum Skógræktarfélag Íslands þann 15. maí s.l. var fjallað m.a. um rangfærslur sem nýlega voru sendar sveitarfélögum um skógrækt. Af því tilefni telur Skógræktarfélag Íslands nauðsynlegt að koma eftirfarandi á framfæri.**

**Rétt er að geta þess að sveitarfélög víðsvegar um land eru aðal samstarfsaðili skógræktarfélaganna.**

Ísland er ekki viði vaxið land. Það er talið eitt fátækasta land Evrópu af skógum. Rannsóknir hafa sýnt að miðað við óbreyttar gróðursetningar, sem nú eru um 6 milljón plantna á ári á um 2.500 hektara lands, muni ræktaðir skógar aukast úr 0,47% í 0,79% af flatarmáli ræktanlegs lands.<sup>1</sup>

Ef dæmið gengur upp og fjármunir fást í tvöföldun þessarar ræktunar, þ.e.a.s. að gróðursettar verði um 12 milljón plöntur á ári sem muni þekja um 5000 ha árlega, þá verðum við í mesta lagi komin í um 1,19% skógarþekju um 2050.

Því miður er ástæða til að óttast að því markmiði verði ekki náð þar sem plöntuframleiðsla í landinu nægir ekki til framleiðslu 12 milljón plantna á ári. En jafnvel þótt háleitustu markmið skógræktarfélks næðu fram að ganga yrði einungis búið að ganga á 2% tiltæks lands undir 400 m hæð með ræktuðum trjátægundum af erlendum uppruna árið 2050.

<sup>1</sup> <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/fraedsluefni/myndbond/file/arnor-snorra-ny-spa-um-bindingu-skoglenda-fram-til-2050>

Þessi niðurstaða sýnir að upphrópanir andstæðinga skógræktar byggjast á fölskum forsendum, sem virðast til þess ætlaðar að villa fólki sýn og skapa úlfúð og hnýta í það fólk sem fæst við skógrækt - skógræktarfélög, skógarbændur, sveitarfélög og stofnanir sem fást við skógrækt af ýmsum toga til að bæta mannlíf og náttúru á Íslandi. Ísland þarfnast meira skóglendis, og að hlúð verði betur að þeim trjám sem fyrir eru í landinu. Áframhaldandi skógrækt er einnig ein forsenda þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar um kolefnisbindingu andrúmsloftsins.

**Stjórn Skógræktarfélags Íslands varar við neikvæðum málflutningi andstæðinga skógræktar og lýsir sig reiðubúna til að veita upplýsingar og halda áfram að vinna með stjórnvöldum og sveitarfélögum landsins að því að klæða landið, gera það byggilegra og náttúruvænna með skipulagðri skógrækt. Þannig eiga náttúruleg fjölbreytni, gróska og grænir skógar á viðeigandi stöðum eftir að auka gildi Íslands fyrir íbúa þess og gestkomandi ferðamenn.**

**Stjórn Skógræktarfélags Íslands**

## Dymbilvika 2023

Nú höfum við tekið saman og skráð mætingartölur dagana 3.-5. apríl síðastliðna viku. Tilgangur skráningarinnar var að sjá hvort möguleiki væri að framfylgja tillögum betri vinnutíma líkt og bæjarstjórn lagði til. Heildarmæting í leikskóla Snæfellsbæjar þessa daga var:

Mánudagur: 74 % barna mætt

Þriðjudagur: 67 % barna mætt

Miðvikudagur: 63 % barna mætt

Til þess að tryggja öryggi bæði hjá börnunum og starfsmönnum þarf að hafa í huga aldur barnanna og fjölda á hvern starfsmann. Ef við horfum á þessa mætingu þá sjáum við fram á að ekki sé hægt að veita helmingi starfsmanna leyfi þessa daga.

Til þess að útskýra nánar þá tökum við Kríuból sem dæmi. Á yngstu deildinni eru börn á aldrinum 1 – 2 ½ árs. Á mánudeginum 3. apríl voru mætt 17 börn af 19. Á eldri deildinni eru börn á aldrinum 3 – 5 ára og voru þann sama dag mætt 15 börn af 18. Þennan dag vantaði 6 starfsmenn í húsið, þrír ef þeim voru skráðir í frí en við bættust 3 starfsmenn sem tilkynntu sig inn veika. Þennan dag var ekki hægt að halda úti lágmarks starfsemi og álag mikið á þá starfsmenn sem mættu voru í vinnu. Umræða skapaðist eftir þennan dag og voru starfsmenn sammála því að mikið álag hafi skapast og voru þeir sammála um að ekki hefði verið hægt að starfa undir svona vinnuálagi fleiri en einn dag.

Dæmið hér að ofan sýnir að taka þurfi marga þætti inn í skipulagið líkt og veikindi starfsmanna eða starfsmaður með veikt barn sem óvænt geta komið upp og hafa þá áhrif á stöðuna innanhúss. Við teljum því mikilvægt eins og við höfum áður rætt að leita þurfa annarra lausna.

Þær tillögur sem við teljum að gæti gengið í okkar sveitarfélagi og uppfyllt skilyrði betri vinnutíma:

- Lokað kl. 14:00 á föstudögum (11,5 dagar)
- Lokað á Þorláksmessu þegar sá dagur er á virkum degi. (1 dagur)
- Fjórir vetrarfrís dagar (tveir að hausti og tveir að vori – leikskólinn lokaður) (4 dagar) sem dæmi hefur Bolungarvíkurbær samþykkt þá tillögu.

Eftir stæðu 4,5 dagar í betri vinnutíma sem þyrfti að útfæra með öðrum hætti.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Hermína K. Lárusdóttir

Linda Rut Svansdóttir

**Bæjarstjórn Snæfellsbæjar**

**Snæfellsbær, 6. júní 2023**

**Varðandi: aukafjárveitingu til leikskóla og grunnskóla vegna matarkostnaðar**

Innkaupsverð á matvöru hefur hækkað töluvert undanfarið ár, mun meira en 10% verðbólga gefur tilefni til. Í samanburði á innkaupsverði nokkurra matvæla kom í ljós að hækkun milli ára var aldrei minni en 11,5% en fór allt upp í 120%, meðalatalið í kringum 20-25%.

Fjárhagsáætlun leikskóla og grunnskóla fyrir innkaupum á matvöru fyrir árið 2023 gerði ekki ráð fyrir þessum hækkunum og er því ljóst að báðar þessar stofnanir stefna í töluverða framúrkeyrslu.

Fyrir hönd leikskóla og grunnskóla óska ég hér með eftir aukafjárveitingu vegna matarinnkaupa...

...fyrir leikskóla, kr. 4.200.000.-, úr 10,7 millj. í 14,9 millj.

...fyrir grunnskóla, kr. 8.600.000.-, úr 19,0 millj. í 27,6 millj.

Báðar þessar stofnanir gera sér grein fyrir framúrkeyrslunni og eru báðar að leita leiða til að draga úr kostnaði án þess að það komi niður á gæðum þess fæðis sem í boði er fyrir börnin okkar í leik- og grunnskóla.

**Bæjarritari**



## GJALDSKRÁ fyrir leikskólagjöld í Snæfellsbæ

*Gildir frá 1. ágúst 2023*

### 1. gr.

#### **Dvalargjald:**

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.....	1.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 4 klt. á dag.....	16.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 klt. á dag.....	20.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 6 klt. á dag.....	24.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 7 klt. á dag.....	28.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 8 klt. á dag.....	32.000 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

#### **Fæðisgjald:**

Morgunmatur.....	2.600 kr.
Hádegismatur.....	5.250 kr.
Siðdegiskaffi.....	2.600 kr.
Fullt fæði.....	10.450 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 2 vikur samfellt. Afslátt af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við leikskólastjóra.

### 2. gr.

#### **Afslættir af dvalargjald:**

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. júní 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. ágúst 2023 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá leikskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

**Snæfellsbær, 8. júní 2023**

**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

# Fyrirspurnir frá J-listanum

Mánudagur, 5. júní 2023

- 1) Hver er staðan á geymslusvæðinu fyrir gáma í Rifi?
- 2) Hver er staðan á líkhúsinu í Ólafsvík?
- 3) Hver er staðan með stöðu slökkviliðsstjóra?
- 4) Er komin niðurstaða um það hvernig þakið á að vera á grunnskólanum á Hellissandi?
- 5) Óskum útskýringa á verkfallsbrotum í leikskólanu,





**SNÆFELLSBÆR**

*Þar sem jökullinn ber við loft...*

**Til bæjarstjórnar**

Tilv. 230101-05

**Efni: Heimagreiðslur til foreldra.**

Heimagreiðslur til foreldra hjá Snæfellsbæ miða við að þær byrji við 9 mánaða aldur.

Búið er að breyta reglum þannig að foreldrar eiga rétt á 12 mánaða fæðingarorlofi.

Bæjarstjórn þarf því að ákveða hvort breyta eigi reglum í samræmi við aukinn rétt foreldra.

Snæfellsbæ 06.06.2023

Kristinn Jónasson

bæjarstjóri





## Til bæjarstjórnar

Tilv. 230101-04

### Efni: Sorpmál í Snæfellsbæ

Unnið er þessa dagana að endurskipulagi á sorpmálum í Snæfellsbæ sem meðal annars þýðir að það þarf að fara í útboð á öllum verkþáttum.

Við þurfum einnig að ákveða hvernig/hvar við ætlum að hafa gámasvæðið okkar til framtíðar.

Í samtali við Grundarfjarðarbæ þá hafa þeir sýnt áhuga á að fara í sameiginlegt útboð með Snæfellsbæ sem ég tel afar skynsamlegt að gera.

Við erum með hjálp sérfræðinga að teikna þetta allt saman upp, þ.e. hvernig við teljum að best verði að þessu staðið.

Á fundinum þurfum við að leggja línurnar í þessu öllu saman.

Snæfellsbæ 06.06.2023

Kristinn Jónasson

bæjarstjóri

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Rúna Ingunardóttir <runa@vestmanna.fo>  
**Sent:** föstudagur, 12. maí 2023 08:17  
**To:** Lilja Ólafardóttir  
**Subject:** SV: Vinabýjarvitjan

Dear Lilja

On behalf of the council in Vestmanna, we thank you for your invitation.

We will get back to you in the coming week 😊

Have a nice weekend!

Send

To

Subject

Date



**Rúna Ingunardóttir**  
Kommunuskrivari  
Tel.: 770 102

Öll málsviðgerð hjá Vestmanna kommunu er fevnd av dátuverndarlógini.  
Kunning um dátuvernd er at finna [her](#).

Web

Header

**Fra:** Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>  
**Sendt:** 10. maj 2023 10:25  
**Til:** Rúna Ingunardóttir <runa@vestmanna.fo>  
**Emne:** RE: Vinabýjarvitjan

Hello,

the council of Snæfellsbær would like to invite you for a visit this summer if you have the opportunity to do so.

We have a town festival in Ólafsvík on June 29 – July 2, if that time would be convenient.

**Kveðja,**

Fra

Lilja Ólafardóttir  
bæjarritari í Snæfellsbæ  
sími: +354-433-6900

Li



**Ábyrgð þín varðandi tölvupóst.**

Tölvupóstur og viðhengi sem starfsfólk Snæfellsbæjar sendir utan hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við tölvupósti og viðhengjum hans, skal fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og hvorki skrá hjá sér né notfæra sér efni þeirra á nokkurn hátt.